

STARFSREGLUR

um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa
nr. 932/2020, sbr. starfsrgl. nr. 316/2021, sbr. B-deild Stjórnartíðinda
og starfsrgl. nr. 1/2021, sbr. Kirkjuþingstíðindi.

I. KAFLI

Rekstrar- og aksturskostnaður.

1. gr.

■ Skrifstofukostnaður vegna starfa sóknarpresta og presta greiðist sem hér greinir. Þar sem íbúar eru:

a. 3.500 eða fleiri, greiðast kr. 306.072 á ári.

b. 1.500-3.500, greiðast kr. 327.941 á ári.

c. 1.500 eða færri, greiðast kr. 357.091 á ári.

□ Auk þess greiðast vegna síma-, pósts- og fatakostnaðar kr. [39.087]¹⁾ á ári.

Þessar fjárhæðir skulu sundurliðaðar og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.

□ Héraðsprestar og sérþjónustuprestar fá greitt samkvæmt a-lið.

1) Starfsrgl. nr. 316/2021, 1. gr.

2. gr.

■ Til árlegs starfskostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar starfskostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 260.604.

3. gr.

■ [...] ¹⁾

1) Kirkjuþingstíðindi, starfsrgl. nr. 1/2021, 1. gr.

4. gr.

■ Starfskostnaður vegna prests- og prófastsstarfa greiðist að hálfu vegna aukaþjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

5. gr.

■ [Greiðslur vegna 1. og 2. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

□ Biskup Íslands getur falið próföstum að staðfesta akstursbækur presta.] ¹⁾

1) Kirkjuþingstíðindi, starfsrgl. nr. 1/2021, 2. gr.

II. KAFLI

Annar rekstrarkostnaður.

6. gr.

■ Leggja skal prestum til hennu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

7. gr.

■ Greiða skal hæfilegan kostnað vegna flutnings búslóðar milli landshluta, allt að kr. 250.000 eftir framlögðum, fullnægjandi gögnum.

8. gr.

■ Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

9. gr.

■ Fjárhæðir í starfsreglum þessum skulu breytast í samræmi við ákvarðanir kirkjuþings fyrir hvert fjárlagaár kirkjunnar.

III. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.

Á aukakirkjuþingi 2021 voru samþykktar breytingar á framgreindum starfsreglum með eftirfarandi vísan til nýrra þjóðkirkjulaga:

■ [Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu á opnum vef þjóðkirkjunnar.]¹

1) Kirkjuþingstíðindi, starfsregl. nr. 1/2021, 3. gr.

Útgáfudagur starfsreglna nr. 1/2021 í Kirkjuþingstíðindum var 30. júní 2021.